STF er samband stéttarfélaga stjórnenda

STF fer jafnframt með samningsrétt fyrir hönd allra verkstjóra- og stjórnendafélaga. Skrifstofa okkar er í Hlíðasmára 8 í Kópavogi og er opin frá kl. 8.00 til 16.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 08:00 til 15:00 föstudag. Símsvörun er alla virka daga frá 9.00 til 15.00. Skrifstofan veitir alhliða upplýsingaþjónustu fyrir félagsmenn í aðildarfélögum STF t.d. upplýsingar um réttindi og kjör, samninga og sjúkrasjóð. Nánari upplýsingar um sambandið, lög þess og reglugerðir má finna á vefsíðunni www.stf.is.

Svona gerist þú félagsmaður í stjórnendafélagi

Þú sækir um aðild inn á www.stf.is eða hefur samband við skrifstofu STF í síma 553 5040.

Aðildarfélög STF

Brú félag stjórnenda Reykjavík
Stjórnendafélag Suðurnesja
Berg félag stjórnenda Norðurlandi eystra
Stjórnendafélag Jaðar Akranesi
Stjórnendafélag Vesturlands
Stjórnendafélag Vestfjarða
Stjórnendafélag Norðurland vestra
Stjórnendafélag Austurlands
Verkstjóra- og stjórnendafélag Vestmannaeyja
Stjórnendafélag Suðurlands

STF
Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmári 8 · 201 Kópavogur · Sími 553 5040 · www.stf.is

STF
Samband stjórnendafélaga

Sjúkrasjóður

Stendur við bakið á þér og þínum þegar á reynir

Styrkir úr sjúkrasjóði STF

Sjúkraþjálfun

Sjúkrasjóður greiðir allt að 35 skipti í sjúkraþjálfun á móti Sjúkratryggingum Íslands á hverju 12 mánaða tímabili.

Sjúkranudd og kírópraktor

Sjúkranudd hjá löggildum sjúkranuddara og meðferð hjá kírópraktor lúta sömu reglum og sjúkraþjálfun.

Endurhæfing

Stjórnandi í starfi á rétt á styrk á hverju 12 mánaða tímabili til dvalar á heilsustofnun innanlands viðurkenndu af Sjúkratryggingar Íslands. Félagi á eftirlaunum hefur sama rétt, annað hvert ár.

Forvarnarstyrkir

Sjúkrasjóður STF greiðir að hluta skoðunargjald hjá leitarstöðvum krabbameinsfélaga, Hjartavernd eða sambærilegum aðilum. Greitt er vegna heilsufarsskoðunar í forvarnarskyni á 4 ára fresti.

Styrkir vegna sjón- og heyrnartækjakaupa

Á fjögurra ára fresti hefur félagsmaður STF rétt á styrk vegna gleraugna/linsu/heyrnatækjakaupa og augnaðgerða.

Sálfræðiaðstoð

Styrkur er veittur til félagsmanna vegna viðtala við sálfræði- og félagsráðgjafa.

Fæðingarstyrkur

Sjúkrasjóður STF greiðir starfandi stjórnanda styrk vegna fæðingar barns.
Þetta gildir einnig ef um frumættleiðingu er að ræða eða töku barns í varanlegt fóstur.

Frjósemismeðferð og ættleiðing

Sjúkrasjóður STF veitir styrk vegna frjósemismeðferðar.
Einnig er veittur styrkur vegna ættleiðingar barns.

Dánarbætur

Við fráfall stjórnanda greiðir sjúkrasjóður STF dánarbætur til maka og barna innan 18 ára aldurs. Við fráfall aldraðs félagsmanns greiðir sjúkrasjóður STF dánarbætur.

Sjúkraíbúð

Sjúkrasjóður STF á íbúð að Lautasmára 5 í Kópavogi sem eingöngu er leigð út vegna veikinda stjórnanda, maka eða barna (yngri en 18 ára) á hans framfæri.

Ferðastyrkur

Starfandi félagsmaður innan aðildarfélaga STF á rétt á ferðastyrk vegna veikinda.

Sjúkradagpeningar

Starfandi stjórnandi sem slasast eða veikist í starfi á rétt á sjúkradagpeningagreiðslum.

Veikindi maka eða barna

Starfandi stjórnandi á rétt á styrk úr sjúkrasjóði STF vegna veikinda maka eða barna yngri en 18 ára á hans framfæri.

Nánari upplýsingar er að finna inn á heimasíðu www.stf.is, reglugerð sjúkrasjóðs.